

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/740****2023/EES/20/24****frá 13. maí 2022****um að samþykkja ekki virka efnið 1,3-díklóróprópen í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins  
og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Dow AgroSciences og Keanesho Soil Treatment SPRL/BVBA lögðu umsókn fyrir Spán (hér á eftir nefnt skýrslugjafaraðildarríkið) 2. mars 2015 um samþykki fyrir virka efninu 1,3-díklóróprópeni skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið umsækjendunum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 7. júlí 2015.
- 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin skv. 2. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjendurnir fyrirhuga. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina 17. mars 2017.
- 4) Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 dreifði Matvælaöryggisstofnunin drögum að matsskýrslunni sem henni barst frá skýrslugjafaraðildarríkinu til umsækjandans og annarra aðildarríkja og skipulagði samráð um hana við almenning.
- 5) Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjendurnir legðu fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 6) Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu.
- 7) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á virka efninu 1,3-díklóróprópeni <sup>(2)</sup> fyrir framkvæmdastjórnina 8. október 2018.
- 8) Í niðurstöðum sínum benti Matvælaöryggisstofnunin á að hún hafi ekki getað lokið áhættumati fyrir neytendur, notendur, starfsfólk, vegfarendur og íbúa á grundvelli fyrirleggjandi upplýsinga sem í málsskjölunum og hún greindi hugsanleg áhyggjuefni fyrir grunnvatn, liðdýr utan markhóps (þ.m.t. býflugur), fugla og spendýr og jarðvegslífverur að því er varðar alla dæmigerða notkun.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 137, 16.5.2022, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2023 frá 3. febrúar 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(11), 5464, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance (EZ)-1,3-Dichloropropene.“ doi:10.2903/j.efsa.2018.5464.

- 9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) 1107/2009, drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 10) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu sína og drög að þessari reglugerð um að samþykka ekki virka efnið 1,3-díklóróprópen fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 22. október 2021. Framkvæmdastjórnin benti á að ekki hafi verið unnt að eyða áhyggjuefnum sem Matvælaöryggisstofnunin greindi og að því hafi ekki verið unnt að komast að þeirri niðurstöðu að viðmiðanir fyrir samþykki séu uppfylltar.
- 11) Í bréfi dagsettu 19. janúar 2022 drógu umsækjendurnir umsóknina um samþykki fyrir 1,3-díklóróprópeni til baka. Þess vegna ætti ekki að samþykka 1,3-díklóróprópen.
- 12) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir 1,3-díklóróprópeni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Virka efnið ekki samþykkt**

Virka efnið 1,3-díklóróprópen er ekki samþykkt.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_